



Íbúðalánasjóður

Samningur um aðalmiðlarakerfi við útboð íbúðabréfa og um viðskiptavakt íbúðabréfa á eftirmarkaði

Samningur um aðalmiðlarakerfi við útboð íbúðabréfa og um viðskiptavakt íbúðabréfa á eftirmarkaði

Íbúðalánasjóður, kt. 661198-3629 og XXXXXXXX, kt. xxxxxx-xxxx, hér eftir nefndur viðskiptavaki, gera með sér svofelldan samning um aðalmiðlarakerfi við útboð íbúðabréfa og um viðskiptavakt íbúðabréfa á eftirmarkaði.

Samningur þessi er samhljóða samningum sem gerðir hafa verið við aðra viðskiptavaka og dagsettir eru sama dag og samningur þessi.

Markmið þessa samnings er að treysta verðmyndun á íbúðabréfum og stuðla að auknum seljanleika þeirra á eftirmarkaði.

1. gr.

Útboð Íbúðabréfa og aðgangur aðalmiðlara að þeim

Útboð á íbúðabréfum verður haldið eftir þörfum þar sem viðmið er útgáfuáætlun Íbúðalánasjóðs. Útboð verður tilkynnt í fréttakerfi OMX Nordic Exchange á Íslandi.

Einungis aðalmiðlarar hafa heimild til þess að leggja fram tilboð í útboðum Íbúðalánasjóðs.

2. gr.

Skyldur viðskiptavaka í útboðum

Viðskiptavaki skuldbindur sig til að leggja fram tilboð að lágmarki 300 milljónir króna að nafnverði í hverju útboði. Tilboð skulu vera í samræmi við útboðsskilamála og taka mið af markaðsverði þegar útgefina flokka íbúðabréfa.

3. gr.

Skyldur viðskiptavaka á eftirmarkaði

Viðskiptavaki skuldbindur sig til þess að setja fram kaup- og sölutilboð á skipulegum verðbréfamarkaði OMX Nordic Exchange á Íslandi í þá flokka íbúðabréfa sem tilgreindir eru í 5. gr.

Tilboð skulu vera að lágmarki 50 milljónir króna að nafnverði í hverjum flokki. Jafnframt er viðskiptavaka skylt að endurnýja tilboð sín í OMX Nordic Exchange á Íslandi innan 10 mínútna frá því að þeim hefur verið tekið.

Ef viðskiptavaki á viðskipti á einum viðskiptadegi fyrir 300 milljónir króna að nafnverði í tilteknum flokki er honum heimilt að víkja frá hámarksmun kaup- og sölutilboða í þeim flokki þann dag.

Hámarksmunur kaup- og sölutilboða viðskiptavaka ákvarðast af verði tilboða. Hámarksmunur kaup- og sölutilboða í þeim flokkum sem tilgreindir eru í 5. gr. má vera:

Flokkur	Hámarksmunur
HFF150914	0,50%
HFF150224	0,75%
HFF150434	0,85%
HFF150644	0,95%

Viðskiptavaki heimilar Íbúðalánasjóði aðgang að upplýsingum um tilboð og viðskipti sín í OMX Nordic Exchange á Íslandi um þá flokka íbúðabréfa sem samningur þessi tekur til.

4. gr.

Greiðsla og útreikningur þóknunar

- i) Viðskiptavakt: Íbúðalánasjóður greiðir viðskiptavaka veltutengda þóknun ársfjórðungslega á samningstímanum. Þóknunin er reiknuð af markaðshlutdeild viðskiptavakans í viðskiptum allra viðskiptavaka í OMX Nordic Exchange á Íslandi (viðskipti merkt "AUTO") með þá flokka sem tilgreindir eru í 5.gr. Í hvert sinn eru 12,5 m.kr. til ráðstöfunar fyrir alla viðskiptavaka og skal greiða þóknun innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.
- ii) Útboð íbúðabréfa: Íbúðalánasjóður greiðir viðskiptavaka þóknun ársfjórðungslega á samningstímanum. Þóknunin er reiknuð af hlutfallslegri markaðshlutdeild viðskiptavakans í teknum tilboðum í útboðum. Í útboðum eru 0,15% af markaðsvirði tekinna tilboða til ráðstöfunar fyrir alla viðskiptavaka og skal greiða þóknun innan 15 daga frá lokum hvers ársfjórðungs.

5. gr.

Flokkar íbúðabréfa

Samningurinn nær til eftirfarandi flokka íbúðabréfa:

Flokkur	ISIN nr.
HFF150914	XS0205348427
HFF150224	XS0195066146
HFF150434	XS0195066575
HFF150644	XS0195066658

6. gr.

Áhrif markaðstruflana

Ef alvarleg truflun verður á markaði getur Íbúðalánasjóður, að undangengnum símafundi og að fenginni umsögn viðskiptavaka, fellt einstök ákvæði þessa samnings tímabundið úr gildi.

7. gr.

Samskipti og upplýsingagjöf

Viðskiptavaki skal tilgreina starfsmann sinn sem tengilið við Íbúðalánasjóð. Íbúðalánasjóður heldur fundi með viðskiptavökum þegar hann telur þörf á.

8. gr.

Fyrirgreiðsla til viðskiptavaka

Íbúðalánasjóður veitir viðskiptavökum sérstaka fyrirgreiðslu og eru reglur um hana í viðauka sem fylgir þessum samningi og gildir til sama tíma og hann. Fyrirgreiðslan felst í því að viðskiptavakar mega einir taka íbúðabréf að láni tímabundið, gegn tryggingu.

9. gr.

Gildistími og uppsögn samnings

Samningur þessi, og viðauki við hann, tekur gildi 17. desember 2008 og gildir til 30. júní 2009. Báðum aðilum er þó heimilt að segja honum upp með 30 daga fyrirvara á samningstímanum. Telji annar samningsaðila að samningurinn hafi verið brotinn, og brotið sé alvarlegt, getur hann sagt honum upp án fyrirvara. Uppsögn skal þó tilkynnt gagnaðila skriflega tafarlaust. Með samningi þessum falla úr gildi eldri samningar á milli samningsaðila í tengslum við útgáfu íbúðabréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði.

Séu samningsaðilar sammála má endurskoða ákvæði samningsins á samningstímanum.

Reykjavík, 16. desember 2008

Íbúðalánasjóður

XXXXXXXXXXXXXXXXXX.

Vottar:
